

Notkunarskilmálar dk í áskrift

dk hugbúnaður



Efnisyfirlit

NOTKUNARSKILMÁLAR dk í ÁSKRIFT	3
1. dk í áskrift.....	3
2. Skilgreiningar.....	3
3. Áskrift á hugbúnaðarleyfum	3
4. Aukaverk og þjónusta	4
5. Notendaupplýsingar.....	4
6. Uppsögn	4
7. Varðveisla gagna við lok samnings.....	4
8. Takmörkun ábyrgðar	4
9. Brot á notandaskilmálum.....	5
10. Breytingar á skilmálum	5
11. Lög og varnarþing.....	5

NOTKUNARSKILMÁLAR dk Í ÁSKRIFT

Hér á eftir fara skilmálar þeir sem gilda um notkun og aðgang að dk í áskrift. Um þjónustuna gilda einnig almennir viðskiptaskilmálar dk hugbúnaðar, skilmálar vegna Skeytamiðlunar og skilmálar vegna aðgangs að þjóðskrá. Skilmálar þessir teljast sértækir viðskiptaskilmálar gagnvart almennum viðskiptaskilmálum dk hugbúnaðar.

1. dk í áskrift

dk hugbúnaður er fullkomin íslensk skýjalausn, vistuð í einu fullkomnasta hýsingarumhverfi á Íslandi með ISO vottun.

2. Skilgreiningar

dk hugbúnaður: dk hugbúnaður ehf. kt. 661198-2499

dk: Íslenskur viðskiptahugbúnaður þar sem kjarninn er bókhaldskerfi með fjárhagsbókhaldi, öflugum greiningum og ársreikningavinnslum.

Áskrifandi: Aðili sem hefur keypt aðgang að dk í áskrift.

Hugbúnaðarleyfi: Réttur til notkunar á dk hugbúnaðinum

Hugbúnaður: Samheiti yfir hvers konar setningar, skipanir og forrit í véllesanlegu eða prentuðu formi sem lúta að notkun gagnavinnslukerfa.

Kerfiseining: Mismunandi einingar í dk viðskiptabúnaðinum sem viðskiptavinur getur valið að kaupa.

Notandi: Hver sá einstaklingur sem notar hugbúnaðinn/kerfiseiningar.

3. Áskrift á hugbúnaðarleyfum

dk hugbúnaður selur aðgang að dk í áskriftarformi. Verð er miðað við fjölda notenda í hverri tegund áskriftarleiða sem og viðbótar kerfa sem áskrifandi óskar eftir. Aðgangur miðast við einn mánuð í senn. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð.

Áskrift að dk felur í sér rétt til notkunar á hugbúnaðinum á nýjustu útgáfu hugbúnaðarins hverju sinni. Í áskriftinni felst einungis réttur til notkunar á kerfinu.

Með áskrift að dk getur viðskiptavinur valið mismunandi kerfiseiningar allt eftir þörfum á hverjum tíma. Viðskiptavinur getur hvenær sem er óskað eftir breytingum kerfiseiningum í gegnum netið. Óski viðskiptavinur eftir breytingu á kerfiseiningum tekur slík breyting gildi strax. Óski viðskiptavinur að fækka notendum taka slíkar breytingar gildi fyrsta dag næsta almanaksmánaðar.

dk hugbúnaður áskilur sér rétt til þess að breyta þeim áskriftarleiðum sem í boði eru án fyrirvara. Þeir sem þegar hafa keypt áskriftarleið sem breytt er verður tilkynnt um breytingar og taka slíkar breytingar gildi gagnvart áskrifanda fyrsta dag næsta almanaksmánaðar.

4. Aukaverk og þjónusta

Fyrir alla þjónustu við kerfið, hvort sem um er að ræða uppsetningu, prófanir, kennslu, kennslu, aðstoð við notanda, viðgerðir sem ekki eru vegna bilana á ábyrgð dk hugbúnaðar eða annars konar þjónustu sem viðskiptavinur kann að óska eftir af hálfu dk, skal vera greitt fyrir samkvæmt gjaldskrá. Um alla slíka þjónustu fer samkvæmt almennum viðskiptaskilmálum dk.

5. Notendaupplýsingar

Notendanafn, lykilorð og aðrar samskiptaupplýsingar sem notandi kann að láta dk í té teljast til „aðgangsupplýsingar“ notanda.

Notanda ber skýlaus skylda til að tryggja leynd notendanafns og lykilorðsins. Ef minnsti grunur er um að óviðkomandi aðili hafi komist yfir notendanafn og eða lykilorð skal notandi strax skipta um lykilorð og tilkynna til dk hugbúnaðar á dk@dk.is ef hann verður var við tilraunir til aðgangs frá óviðkomandi aðilum.

6. Uppsögn

Uppsögn á áskrift skal fara fram með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti. Gildi uppsagnar miðast við fyrsta dag næsta almanaxsmánaðar.

7. Varðveisla gagna við lok samnings

Í samræmi við lög um persónuvernd þá varðveitir dk hugbúnaður ekki gögn viðskiptavinar eftir að gildistíma samnings er lokið eða ef samningi hefur verið sagt upp af öðrum orsökum. Gögn eru afhent viðskiptavini og þeim síðan eytt í kerfum dk. Hvíli skylda á viðskiptavini að varðveita gögn á grundvelli ákvæða laga eða samninga, eins og t.d. varðveisla bókhaldsgagna, þá er það á ábyrgð viðskiptavina að varðveita slík gögn í samræmi við lög eftir að samningstíma lýkur.

8. Takmörkun ábyrgðar

Áskrifendur nota þær kerfiseiningar sem í boði eru á á eigin ábyrgð. dk hugbúnaður ábyrgist ekki að tiltekinn árangur náist af notkun á hugbúnaðinum.

dk hugbúnaður áskilur sér rétt til rjúfa aðgang í tilvikum þar sem um nauðsynlegt viðhald á umhverfi er að ræða eða þegar uppfærsla á kerfinu á sér stað. Leitast er við að þessi vinna eigi sé stað á þeim tíma sem það veldur viðskiptavinum sem minnstri röskun.

Skaðabótaábyrgð dk hugbúnaðar er háð því að hann hafi sýnt af sér verulegt gáleysi eða gróf mistök við útfærslu samnings.

dk hugbúnaður ber ekki ábyrgð á afleiðingum sem rekja má til þess að ekki hafi verið hægt að sinna þjónustu vegna óviðráðanlegra eða ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. eldsvoða, verkfalla, farsóttu, náttúruhamfara, laga eða reglugerða eða önnur atvik sem ekki eru sök samningsaðila, eða í þeirra valdi að ráða við.

dk hugbúnaður ber í engu tilfelli ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni þar á meðal glötuðum ágóða, ráðgerðum sparnaði eða krafna þriðja aðila á hendur viðskiptavinar.

dk hugbúnaður ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna gagnataps, né skaða sem rekja má til breytinga á veituspennu eða rafmagnstruflana eða annarra utanaðkomandi áfalla sem búnaðurinn kann að verða fyrir. dk hugbúnaður er ekki bótaskyldur vegna tjóns sem orsakast af vali viðskiptavinar á búnaði frá þriðja aðila eða tjóns sem er afleiðing rangrar notkunar hins síðarnefnda eða þriðja aðila á kerfinu, né vegna galla eða bilunar í hug- eða vélbúnaði. dk hugbúnaður skal ekki bera ábyrgð á tjóni sem á sér stað á viðhaldstímabili og við venjuleg störf dk hugbúnaðar svo sem við afritun gagna og viðhald.

Kröfur um skaðabætur skal setja fram innan eins árs frá tjónsatburði.

9. Brot á notandaskilmálum

dk hugbúnaði er heimilt, hvernær sem er og án fyrirvara, að loka aðgangi aðila að hugbúnaðinum og eftir atvikum eyða honum verði áskrifandi uppvis að brotum á þessum skilmálum, misnoti kerfið eða hegði sér á þann hátt að augljóst er að viðkomandi getur ekki eða ætlar ekki að uppfylla ákvæði þessara skilmála. Tilkynning um lokun verður send á netfang áskrifanda sem skráð er í dk.

10. Breytingar á skilmálum

dk hugbúnaður kann að breyta þessum skilmálum. Komi til breytinga verður notanda gefin(n) kostur á að samþykkja breytta skilmála. Samþykki fyrir uppfærðum skilmálum er skilyrði fyrir áframhaldandi notkun hugbúnaðarins. Ef notandi kys að samþykkja ekki breytta skilmála mun notandi ekki lengur geta skráð sig inn á vefsvæði hugbúnaðarins og verður áskrifanda þá gefin(n) kostur á að loka aðgangi umrædds notanda.

11. Lög og varnarþing

Um skilmála þessa, samninga og tilboð við viðskiptavinum gilda íslensk lög. Sérhver ágreiningur sem ekki verður leystur með samkomulagi á milli aðila skal rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Skilmálar þessir gilda frá og með 01.12.2019.